



Reykjavík, 19. ágúst 2024

VEL24060015

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um niðurfellingu á hækkun fjárhagsaðstoðar vegna meðlagsgreiðslna

Þann 5. júní 2024 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um niðurfellingu á hækkun fjárhagsaðstoðar vegna meðlagsgreiðslna:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir greinargóðum skýringum á hvað niðurfelling á hækkun á fjárhagsaðstoð vegna meðlagsgreiðslna þýðir fyrir einstaklinga í þessari stöðu? Hver verður framfærsla þessara einstaklinga eftir breytinguna? Fulltrúi Flokks fólksins spyr líka hvenær þessi breyting tekur gildi og hversu löngu fyrir breytinguna einstaklingar á fjárhagsaðstoð fengu tilkynningu um breytinguna?

Svar:

Tillögur að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborgar voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 13. mars 2024, á fundi borgarráðs þann 21. mars 2024 og á fundi borgarstjórnar þann 9. apríl 2024. Breytingarnar tóku gildi 1. júní 2024.

Í framangreindum tillögum var lagt til að 13. gr. í þágildandi reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg yrði felld brott:

Heimilt er að greiða áfallandi meðlagsgreiðslur einstaklings sem fær greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu. Greitt er beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Fjárhagsaðstoð hækkar sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir. Liggja fyrir samkomulag við Innheimtustofnun sveitarfélaga um greiðslu meðlagsskuldar er heimilt að greiða áfallandi meðlagsgreiðslur. Skilyrði er að barn/börn umsækjanda séu með lögheimili á Íslandi.

Í minnisblaði sem fylgdi tillögunni segir um breytinguna:

Lagt er til að 13. gr. er varðar greiðslur meðlags verði felld brott í heild sinni. Fyrir liggur að Tryggingastofnun greiðir meðlag vegna barna og ef um vanskil er að ræða annast Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu meðlaga. Því er ekki talin ástæða til að veita aðstoð til greiðslu áfallandi meðlagsgreiðslna af hálfu sveitarfélagsins þar sem greiðslur meðlags til barns eru ætíð tryggðar af hálfu Tryggingastofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu fyrir einstakling, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili 239.895 kr. á mánuði. Samkvæmt framangreindri 13. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sem nú hefur verið felld brott var heimilt að greiða fjárhæð sem samsvaraði áfallandi greiðslu meðlags beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Upphæð



fjárhagsaðstoðar hækkaði því sem nemur einu meðlagi á mánuði en árið 2024 var upphæð meðlags 46.147 kr. Brottfall 13. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg hefur ekki áhrif á upphæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu og verður grunnupphæðin því áfram 239.895 kr. Breytingin felur í sér að ekki er lengur veitt aukin fjárhagsaðstoð sem samsvarar fjárhæð meðlagsgreiðslna sem greidd var beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Umsækjandi um fjárhagsaðstoð stofnar því til skuldar við Innheimtustofnun sveitarfélaga sem nemur einu meðlagi á mánuði þann tíma sem hann fær fjárhagsaðstoð.

Þann 1. júní 2024, þegar breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborgar tóku gildi, áttu 14 umsækjendur rétt á að greitt yrði áfallandi meðlag til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Þann 28. maí 2024 var sent bréf til þeirra umsækjenda sem áttu rétt á greiðslu samkvæmt 13. gr. reglnanna í gegnum örugga skjalasendingu (undirritun.reykjavik.is) fyrir utan eitt bréf sem var sent í tölvupósti þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar um hvort viðkomandi væri með rafræn skilríki. Alls voru bréfin því 14 talsins. Eins og áður hefur komið fram hefur þetta þó ekki áhrif á upphæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu sem greidd er til umsækjanda heldur falla einungis niður áfallandi meðlagsgreiðslur til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Þá er rétt að fram komi að fjárhagsaðstoð greidd eftir á og framangreind breyting kom því fyrst til framkvæmda um mánaðarmótin júní/júlí 2024.